

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um að gerð verði úttekt á túlkun grunnskóla í Reykjavík á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla við lok 10. bekkjar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skal úttektin fara fram skólaárið 2026-2027.

Greinargerð: Borið hefur á óánægju í samfélaginu varðandi einkunnakerfi grunnskóla. Í samtali milli grunnskólanema má augljóslega greina ósamræmi í einkunnagjöf eftir skólum. Dæmi um þetta ósamræmi eru t.d. þær námskröfur sem gerðar eru fyrir einkunnina A á milli grunnskóla. Slíkt ójafnvægi í einkunnagjöf hefur veruleg áhrif á möguleika nemenda til framhaldsnáms og ýtir undir ójöfnuð meðal ungmenna borgarinnar og því nauðsynlegt að gera úttekt og meta hver raunveruleg staða er.